

10. Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði fimmtudaginn 9. desember 2010 klukkan 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Þorgerður, Kristín, Þorsteinn, Kristlaug, Anna Kristín, Birkir, Jóhanna

Óskar setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar UMSE 4. nóvember 2010
Fundargerð samþykkt.
2. Styrkumsóknir
 - a. Almenn
 - i. Helgi magri
Ritnefnd Helga magra sækir um styrk til útgáfu tímarits í tilefni 100 ára eru liðin frá því að fyrsta tímaritið kom út. Samþykkt að styrkja útgáfuna um 20.000 krónur.
 - b. Afreksmannasjóður UMSE
 - i. Umsókn frá Stefaníu Aradóttur vegna frjálsra íþróttar. Samþykkt að styrkja hana um 50.000 krónur
 - ii. Umsókn frá Sveinborgu Kötlu Daníelsdóttur vegna frjálsra íþróttar. Samþykkt að styrkja hana um 50.000 krónur.
 - iii. Umsókn frá Júlíönu Björk Gunnarsdóttur vegna frjálsra íþróttar. Samþykkt að styrkja hana um 50.000 krónur.
 - iv. Stjórn ákvað að styrkja eftirfarandi aðila um 10.000 krónur:
Kristján Godsk Rögnvaldsson vegna frjálsra íþróttar.
Þórdís Rögnvaldsdóttir vegna golfs.
Sigurður I. Rögnvaldsson vegna golfs.
Jakob H. Bjarnason vegna skíðaíþróttar.
Hjörleifur Einarsson vegna skíðaíþróttar.
Anna Kristín Friðriksdóttir vegna hestaíþróttar.
Nanna Lind Stefánsdóttir vegna hestaíþróttar.
Hermann Sæmundsson vegna júdo.
3. Verkefni frá síðasta fundi
Kristín ætlaði að panta borð fyrir jólahlaðborðið, það er klárt.
4. Formannafundur ÍSÍ
Engar upplýsingar hafa borist um fundinn.
5. Ársþing UMSE
 - a. Dagsetning
5. mars 2011
 - b. Þingið á Þelamörk/Hlíðarbæ?
Þorsteinn ætlar að hafa samband við Smárann um staðsetningu.
 - c. Ársskýrsla 2010
Skoða á hvað það myndi kosta að senda ársskýrsluna í prentun.
 - d. Endurskoðun á lottóreglugerð
Athuga á með að breyta lottóreglugerðinni.
6. Fjármál
Bókhald gengur vel. Stöndum fjárhagslega vel, erum aðeins í mínus eftir árið en vitað er um fjármuni sem eiga eftir að koma inn.

7. Fréttabréf

Stefnt að því að senda út bréf milli jóla og nýárs.

8. Innsend bréf

a. UMFÍ – Námskeið

Alda, skrifstofustjóri, bað um aðstoð til að halda námskeið 22. febrúar, finna húsnæði, auglýsa námskeiðið í skólum. Ekkert námskeiðsgjald.

Kompásnámskeið, verður haldið í Hrafnagilsskóla 14. – 15. janúar. Fyrir fólk allstaðar af landinu. Má sjá nánari upplýsingar á vef UMFÍ.

b. Svar frá Hörgársveit

Svar við styrkbeiðni, samþykkt að styrkja UMSE um 550 krónur per. íbúa.

c. Bréf frá FRÍ um tímarit

FRÍ ætlar að byrja að gefa út tímarit sem mun heita Afritaskrá 2010, með breytilegu ártali. Eru að athuga hvort að UMSE vilji safna auglýsingum og jafnvel selja blaðið. Segja þetta tækifæri til tekjuöflunar fyrir sambandsaðila.

d. Bréf frá skíðafélaginu vegna skíðamóts UMSE

Hugmyndin er að halda skíðamót 8. – 9. janúar á næsta ári, hvort að UMSE vilji styrkja mótið.

e. Bréf um niðurgreiðslu æfingagjalda (frístundakort) frá Hörgársveit

Hörgársveit ætlar að niðurgreiða æfingargjöld fyrir börn í Hörgársveit.

9. Önnur mál

- Nýársmót – Þorgerður ætlar að vera mótstjóri. Það þarf að fara að ákveða hvaða greinar eigi að vera á mótinu.
- Formannafundur - 27. janúar 2011 á Búgarði.

Verkefni fyrir næsta fund:

Allir stjórnarmenn eiga að vera búnir að lesa yfir lottóúthlutunarreglur.

Næsti fundur ákveðinn 13. janúar 2011.

Birkir ætlar að koma með veitingar en Anna Kristín er til vara.

Fundi slitið 21:58

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður